

Fundur nr. 57 kjörtímabilið 2022-2026

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps föstudaginn 8. maí 2026 í félagsheimilinu Miklagarði kl 14:00.

Mætt til fundar: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), oddviti, Sigurður Grétar Sigurðsson (SGS), Bobana Micanovic (BM), Bjartur Aðalbjörnsson (BA), Björn Heiðar Sigurbjörnsson (BHS), Hafdís Bára Óskarsdóttir (HBÓ) og Jenný Heiða Hallgrímsdóttir (JHH).

Einnig sátu fundinn Ingimar Guðmundsson, endurskoðandi KPMG í gegnum fjarfundarbúnað og Íris Edda Jónsdóttir (ÍEJ), starfandi sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Erindi

a. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps 2025 – síðari umræða

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 1.510 millj. kr., samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 1.222 millj. kr.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var neikvæð um 64 millj. kr. rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 138 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi.

Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 866 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta var neikvætt um 244 millj. kr.

Loðnubrestur á árinu hafði veruleg áhrif á tekjur og útsvar sveitarfélagsins. Jafnframt leiddu afturvirkir kjarasamningar vegna grunn- og leikskólakennara til aukins kostnaðar. Af þeim sökum var gripið til 60 [m.kr.](#) lántöku til að mæta óvæntum sveiflum í rekstri sveitarfélagsins.

Þrátt fyrir það er skuldastaða sveitarfélagsins góð og vel innan viðmiðunarmarka sem um það gilda.

Ársreikningurinn í heild sinni verður að öðru leyti aðgengilegur á heimasíðu Vopnafjarðarhrepps.

Eftirfarandi tillaga liggur fyrir fundinum: **Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir framlagðan samstæðureikning Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2025 við síðari umræðu, en fyrri umræða um hann fór fram 16. apríl sl.**

Til máls tók BHS og Ingimar.

Tillagan er borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

- b. **Framkvæmdaleyfi: Skógrækt á Þjóðlendu í Selárdal**
Kynning á framkvæmdaleyfisumsókn mál nr. 543/2025 er lokið.
Umsagnir bárust frá Slökkviliði Múlaþings, Svæðisskipulagsnefnd, Hafrannsóknastofnun, Náttúruverndarstofnun og Náttúrufræðistofnun.

Eftirfarandi tillaga liggur fyrir fundinum: **Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir að heimila skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd um skógrækt í Þjóðlendu á Selsárvöllum.**

Tillagan er borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:23.